

Reykjavík, föstudagur, 28. desember, 2018 -- Nasdaq (Nasdaq:NDAQ) gefur reglulega út viðskiptayfirlit fyrir kauphallir sínar á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum. Dregin hafa verið saman helstu atriði yfir viðskipti á Nasdaq Iceland á liðnu ári, 2018.

Magnús Harðarson, forstöðumaður viðskipta og skráninga hjá Nasdaq Iceland: „Vöxtur hlutabréfamarkaðar hélt áfram á árinu með þremur tímamótaskráningum. Kvika banki varð fyrsti bankinn til að vera skráður á markað eftir fjármálakreppuna, Heimavellir urðu fyrsta íbúðaleigufélagið til að fara á markað og Arion banki varð fyrsta félagið í yfir áratug til að verða samhliða skráð í tveimur kauphöllum Nasdaq á Norðurlöndunum. Við horfum til frekari uppbyggingar á næsta ári. Skráningarhorfur eru góðar og smærri félög líta í auknum mæli til skráningar á First North markaðinn. Hugmyndir í Hvítbók um hvernig megi virkja verðbréfamarkaðinn í meira mæli lofa góðu og við verðum vör við aukinn áhuga erlendra fjárfesta í kjölfar ákvörðunnar FTSE vísitölufyrirtækisins að taka íslensk félög inn í vísitölur sínar á næsta ári. Umfang bæði hlutabréfa- og skuldabréfaviðskipta var minna í ár en á síðasta ári en við teljum þar um tímabundna þætti að ræða og þá sérstaklega auknar fjárfestingar lífeyrissjóða erlendis og innflæðishöft. Höftin halda mjög aftur af þátttöku erlendra aðila á íslenska markaðnum sem aftur stendur í vegi fyrir fjármögnun íslenskra fyrirtækja á skuldabréfamarkaði“.

Hlutabréf

- Heildarviðskipti með hlutabréf á árinu námu 506 milljörðum eða 2.042 milljónum á dag. Þessu til samanburðar var veltan með hlutabréf árið 2017 632 milljarðar, eða 2.529 milljónir á dag. Þetta er 19% veltuminnkun frá fyrra ári.
 - Mest voru viðskipti með bréf Marel (MARL), 96,8 milljarðar, Icelandair Group (ICEAIR), 57,2 milljarðar, Reita fasteignafélags, 42,7 milljarðar, Festi, 37,4 milljarðar, og Haga (HAGA) 34,5 milljarðar. Á Aðalmarkaði hækkaði verð bréfa Haga mest eða um 30% á árinu og næst verð bréfa Marel um 15%. Á Nasdaq First North markaðnum hækkaði verð bréfa Iceland Seafood International mest eða um 34%.
 - Úrvalsvísitalan (OMX18) lækkaði um 1,3% á árinu og stendur nú í 1.614 stigum. Heildarvísitala hlutabréfa lækkaði um 5,6%.
 - Markaðsvirði skráðra hlutabréfa var í árslok 960 milljarðar sem er 17% hærra en í lok síðasta árs. Í lok árs voru 23 félög skráð, þar af 5 á Nasdaq First North. Á árinu 2018 voru hlutabréf þriggja félaga tekin til viðskipta, Arion banki og Heimavellir á Aðalmarkað og Kvika banki á First North.
-

Verðbreytingar hlutabréfa á árinu 2018*:

Hækkanir	% breyting	Lækkunarir	% breyting
Iceland Seafood International	34,1% ↑	Sláturfélag suðurlands	-3,2% ↓
Hagar	30,3% ↑	HB Grandi	-3,7% ↓
Marel	14,6% ↑	Origo	-5,4% ↓
Skeljungur	9,2% ↑	Arion banki	-6,0% ↓
Kvika banki	8,2% ↑	Eimskipafélag Íslands	-9,0% ↓
Festi	1,3% ↑	Síminn	-9,3% ↓
Hampiðjan	0,0% →	Klappir Grænar Lausnir	-10,3% ↓
		Vátryggingafélag Íslands	-13,2% ↓
		Reitir fasteignafélag	-14,7% ↓
		Sjóvá-Almennar tryggingar	-15,8% ↓
		Reginn	-17,7% ↓
		Eik fasteignafélag	-18,6% ↓
		Heimavellir	-18,7% ↓
		Tryggingamiðstöðin	-21,3% ↓
		Icelandair Group	-34,9% ↓
		Sýn	-38,3% ↓

*Í tilfelli félaga sem skráð voru á árinu er um að ræða breytingu frá útboðsgengi ef útboð var haldið í aðdraganda skráningar en annrs breytingu frá dagslokaverði á skráningardeg.

Skuldabréf

- Heildarviðskipti með skuldabréf námu 1.066 milljörðum á árinu sem samsvarar 4,3 milljarða veltu á dag, samanborið við 5,0 milljarða veltu á dag árið 2017. Þetta er 13% minni velta en í fyrra. Alls námu viðskipti með ríkisbréf 808 milljörðum, viðskipti með bankabréf 161 milljarði og viðskipti með íbúðabréf 42 milljörðum.
- Á árinu hækkuðu allar skuldabréfavísitölur Kauphallarinnar. Aðalvísitala skuldabréfa (NOMXIBB) hækkaði um 6,6% og stendur í 1.454 stigum. Óverðtryggða skuldabréfavísitala Kauphallarinnar (NOMXINOM) hækkaði um 2,7% og sú verðtryggða (NOMXIREAL) hækkaði um 8,3%.

Gleðilegt nýtt ár – þökkum fyrir góð samskipti á liðnu ári

#

Um Nasdaq

Nasdaq (Nasdaq:NDAQ) er leiðandi á alþjóðavísu í þjónustu á sviði verðbréfavíðskipta, kauphallartækni, eftirlits, skráninga, upplýsingaþjónustu og þjónustu við skráð fyrirtæki í sex heimsálfum. Nasdaq gerir viðskiptavinum sínum kleift að skipuleggja, hagræða og framkvæma framtíðarsýn sína í viðskiptum af öryggi, með margreyndri tækni sem veitir gagnsæi og innsýn í nútíma alþjóðlega fjármálamarkaði. Nasdaq er frumkvöðull í rafrænum kauphallarviðskiptum, en tækni þess er notuð á yfir 90 mörkuðum í 50 löndum og knýr um það bil ein af hverjum 10 viðskiptum í heiminum. Nasdaq er heimili meira en 4,000 skráðra fyrirtækja að markaðsvirði yfir 15 billjón Bandaríkjadala. Fyrir meiri upplýsingar, heimsæktu <http://business.nasdaq.com/>

Fyrirvari vegna staðhæfinga um framtíðarhorfur

Þau mál sem hér er skýrt frá taka til staðhæfinga um framtíðarhorfur sem gerðar eru samkvæmt svonefndum Safe Harbor ákvæðum í bandarískum verðbréfalögum frá 1995 (Private Securities Litigation Reform Act of 1995). Þessar staðhæfingar taka meðal annars til en takmarkast þó ekki við staðhæfingar um afurðir og þjónustu Nasdaq. Við minnum á að þessar staðhæfingar eru ekki trygging fyrir framtíðarafkomu. Raunveruleg niðurstaða kann að vera allt önnur en sú sem fram kemur berum orðum eða með öðrum hætti í staðhæfingum um framtíðarhorfur. Í staðhæfingum um framtíðarhorfur eru ýmsir áhættu- og óvissupættir eða aðrir þættir sem Nasdaq hefur ekki stjórn á. Þessir þættir byggjast á en takmarkast þó ekki við þætti sem gerð er grein fyrir í ársskýrslu Nasdaq á svonefndu Form 10-K og árshlutaskýrslum sem sendar eru til bandaríska verðbréfaeftirlitsins. Við tökumst ekki á hendur neinar skuldbindingar um að endurskoða að neinu leyti staðhæfingar um framtíðarhorfur.

Nasdaq Nordic lýsir sameiginlegri þjónustu Nasdaq Copenhagen, Nasdaq Helsinki, Nasdaq Iceland og Nasdaq Stockholm.

FJÖLMÍÐLASAMSKIPTI

- + Kristín Jóhannsdóttir
- + 868 9836
- + kristin.johannsdottir@nasdaq.com